

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 147/2014

2014/EES/71/34

frá 27. júní 2014

um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að byggja hagskýrsluáætlun EES fyrir árin 2014 til 2017 á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 <sup>(1)</sup>, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1383/2013 frá 17. desember 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 99/2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013–2017 <sup>(2)</sup> og láta hana taka til þeirra liða áætlunarinnar sem nauðsynlegir eru til þess að unnt sé að lýsa og fylgjast með öllum þeim efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu þáttum Evrópska efnahagssvæðisins sem máli skipta.
- 2) Hagskýrsluáætlun EES 2003 til 2007 á ekki lengur við og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 30 við EES-samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2014.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði bókunar 30 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað orðsins „2013“ í fyrirsögn 5. gr. komi orðin „2013 til 2017“.
2. Eftirfarandi bætist við í 1. mgr. 5. gr.:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32013 R 1383**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1383/2013 frá 17. desember 2013 (Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 84).“
3. Í stað orðanna „31. desember 2013“ í 2. mgr. 5. gr. komi orðin „31. desember 2017“.
4. Ákvæði 3. mgr. 5. gr. hljóði svo:  
„Hagskýrsluskrifstofa EFTA og Eurostat skulu semja sameiginlega sérstaka hagskýrsluáætlun EES fyrir árin 2013 til 2017. Hagskýrsluáætlun EES skal samin sem hlutmengi og hliðstæða árlegrar vinnuáætlunar sem framkvæmdastjórnin tekur saman í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 99/2013. Samþykkt hagskýrsluáætlunar EES skal eiga sér stað samkvæmt eigin málsmeðferð hvers samningsaðila um sig.“
5. Ákvæði 4. mgr. 5. gr. hljóði svo:  
„EFTA-ríkin skulu greiða framlag í samræmi við staflið a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins og tilheyrandi fjárhagsreglugerðir sem nemur 75% af fjárhæðinni sem tilgreind er í fjárlagaliðum 29 02 05 (Evrópsk hagskýrsluáætlun 2013–2017) og 29 01 04 05 (Stefna á sviði hagskýrslugagna – Kostnaður við rekstur stjórnsýslu) í fjárlögum Evrópusambandsins fyrir 2013 og sem nemur 75% af fjárhæðinni sem tilgreind er í fjárlagaliðum 29 02 01 (Evrópsk hagskýrsluáætlun 2013–2017) og 29 01 04 01 (Stefna á sviði hagskýrslugagna – Kostnaður við rekstur stjórnsýslu) í fjárlögum Evrópusambandsins fyrir árin 2014 til 2017.“
6. Ákvæði 2. gr. falli brott.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 84.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hefur borist (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2014 að telja.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.